

Innkaupastefna Skaftárhrepps

Það er stefna Skaftárhrepps að innkaup sveitarfélagsins stuðli að hagkvæmni í rekstri og hvetji um leið til nýsköpunar og framsækinnar þróunar í atvinnulífi, með virðingu fyrir umhverfi og samfélagi að leiðarljósi.

Skaftárhreppur vinnur að því með eftirfarandi hætti:

- Áhersla er lögð á að stjórnarsýsla við innkaup sé vönduð, jafnræðis seljenda sé gætt og stuðlað að virkri samkeppni.
- Innkaup eru markviss og skipulögð og unnin eftir innkaupareglum sem eru skýrar og gagnsæjar.
- Innkaup stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins eru samræmd eftir föngum.
- Áður en innkaup eru gerð er þörfin vandlega yfirfarin út frá sjónarmiðum notenda.
- Við innkaup er tekið tillit til verðs, gæða, umhverfisáhrifa og vistferilskostnaðar.
- Kappkostað er að eiga góð samskipti við birgja, ekki síst í því skyni að finna nýjar lausnir sem geta leyst betur þarfir sveitarfélagsins á hagkvæman hátt.
- Innkaupastefna og innkaupareglur eru vel kynntar fyrir því starfsfólki sem kemur að innkaupum sveitarfélagsins.
- Stöðugt skal unnið að því að bæta verklag innkaupa hjá Skaftárhreppi til að sem bestur árangur náist fyrir rekstur sveitarfélagsins, atvinnulíf, umhverfi og samfélagið allt. Verklag við kaup á vörum, þjónustu og verklegum framkvæmdum undir viðmiðunarfjárhæðum laga nr. 120/2016 um opinber innkaup er nánar útfært í innkaupareglum Skaftárhrepps.

Samþykkt í sveitarstjórn Skaftárhrepps 29. mars 2023

INNKAUPAREGLUR SKAFTARHREPPS

1. gr.

Almenn ákvæði

Reglur þessar eru til að stuðla að vönduðum og hagkvæmum innkaupum og til að tryggja gæði vöru, þjónustu og verka.

Reglur þessar gilda fyrir allar stofnanir, svið og deildir sem rekin eru á vegum Skaftárhrepps.

Innkaupareglum skal fylgt við öll innkaup, sem og lögum um opinber innkaup nr. 120/2016

2. gr.

Innkaup

Með hugtakinu innkaup er átt við kaup á hvers kyns aðföngum, þ.e. kaup á þjónustu, vörum og verklegum framkvæmdum.

3. gr.

Innkaupaaðferðir

Við innkaup sveitarfélagsins skulu eftirfarandi innkaupaaðferðir notaðar:

- Útboð, opið eða lokað, og samningur/pöntun í kjölfarið, sbr. 7. gr.
- Fyrirspurn og samningur/pöntun í kjölfarið, sbr. 8. gr.
- Samningur eða pöntun án undangengins útboðs eða fyrirspurnar.
 - Slíkt á einkum við þegar um er að ræða innkaup þar sem unnt er að bera saman opinberalega auglýst verð, viðbótarinnkaup eða óveruleg innkaup.
- Innkaup samkvæmt rammasamningum sem sveitarfélagið getur gerst aðili að svo sem hjá Ríkiskaupum.
- Við innkaup sveitarfélagsins er einnig heimilt, þar sem við getur átt að beita eftirtöldum aðferðum: Samningskaupum að undangenginni birtingu útboðsauglýsingar.
- Samningskaupum án undangenginnar birtingar útboðsauglýsingar.
- Samningskaupum vegna hönnunarsamkeppni.

4. gr.

Umsjón og ábyrgð á innkaupum / útgjaldaheimildir

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins, sbr. 3. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Sveitarstjóra er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Sveitarstjóri veitir starfsmönnum sveitarfélagsins ráðgjöf og aðstoð um tilhögun innkaupa, eftir þörfum.

Forstöðumönnum er heimilt að stofna til útgjalda fyrir hönd sveitarfélagsins innan ramma fjárhagsáætlunar hverju sinni og bera þeir ábyrgð á innkaupum sinna stofnana og deilda. Forstöðumenn geta með samþykki sveitarstjóra veitt einstökum starfsmönnum heimild til að

stofna til útgjalda. Öllum sem heimild hafa til að stofna til útgjalda ber að staðfesta að þeir hafi kynnt sér efni innkaupareglna sveitarfélagsins og að þeir muni fylgja þeim við innkaup.

Sveitarfélagið heldur skrá yfir þá starfsmenn sem hafa heimild til að stofna til útgjalda og ber sveitarstjóri ábyrgð á að uppfæra skrána.

5. gr.

Mat og skipting á innkaupum

Við mat á ætlaðri fjárhæð samnings skal telja með allan kostnað innkaupa miðað við þann tíma þegar auglýsing um innkaupin birtist. Sé fyrirhugað að kaupa vöru, þjónustu eða verk í áföngum skal miða við samanlagt heildarverð allra áfanga sem boðið er út.

Óheimilt er að gera ótímabundna samninga.

Óheimilt er að skipta innkaupum niður með einum eða öðrum hætti til að lækka fjárhæð, eða áætlaða fjárhæð, innkaupa í þeim tilgangi að komast hjá útboði/verðfyrirspurn þannig er t.a.m. óheimilt að skipta innkaupum milli tímabila og láta skipta reikningum frá seljendum niður í smærri einingar.

Heimilt er að skipta innkaupum niður í einingar eða áfanga í því markmiði að bjóða hverja einingu eða áfanga út. Einnig er heimilt að semja um viðbótarverk eða viðbótaráfanga á grundvelli fyrra útboðs.

6. gr.

Útboð

Undir hugtakið útboð falla heiti þar sem lýst er því sem boðið er út, eins og þjónustutilboð, verkútboð, vöruútboð, en einnig heiti eins og alútboð, samkeppni, hönnunarsamkeppni, tveggja áfanga keppni og útboð með tveggja umslaga kerfi. Forval er hluti útboðsferils.

7. gr.

Hvenær útboð skal viðhaft

Útboð skal að jafnaði viðhaft við innkaup, að svo miklu leyti sem unnt er og hagkvæmt þykir.

Þegar áætluð samningsfjárhæð nemur 25% af viðmiðunarfjárhæðum samkvæmt 23. gr. laga nr. 120/2016, skal metið sérstaklega hvort viðhafa skuli útboð eða önnur innkaupaferli laganna, fremur en fyrirspurn um verð og aðra þætti sem innkaup taka tillit til. Slíkt mat getur einnig farið fram vegna lægri fjárhæða.

Um framkvæmd útboðs fer eftir ákvæðum laga nr. 120/2016 um opinber innkaup og lögum nr. 65/1993 um framkvæmd útboða.

8. gr.
Fyrirspurnir

Fyrirspurn er viðhöfð, þegar útboð er ekki talið eiga við, til að afla tilboða frá tilteknum aðilum sem taldir eru geta útvegað vöru, veitt þjónustu eða framkvæmt verk, sem óskað er eftir hverju sinni. Þrátt fyrir að fyrirspurnir séu óformlegri en útboð, samkvæmt þeim lögum sem um þau gilda, skal tilboða aflað á grundvelli skriflegra fyrirspurnargagna og tilboð skulu einnig vera skrifleg. Sveitarfélaginu er heimilt að senda út fyrirspurnir og taka við tilboðum í fyrirspurnir með símbréfi og/eða tölvupósti. Málsmeðferð öll skal vera vönduð, fyrirspurnargögn skulu vera skýr og greinargóð og skýrt skal koma fram ef meta á tilboð á öðrum forsendum en verði einu saman.

Tilboð skulu opnuð á tilsettum tíma og þau skráð. Samanburðarskrá tilboða skal gerð og þátttakendur skulu upplýstir um val á tilboði.

Heimilt er, undir sérstökum kringumstæðum að afla skriflegs tilboðs frá einum seljanda. Þessar kringumstæður geta m.a. verið þær að annar seljandi sé ekki þekktur og/eða verð séu kunn.

9. gr.
Mat og val á tilboðum/samningsaðilum

Ætíð skal taka því tilboði sem hagkvæmast er miðað við kröfur í útboðslýsingu, lögum og reglum. Tekið skal tillit til verðs, gæða, umhverfisáhrifa og vistferilskostnaðar. Ef hagstæðasta tilboð er ekki jafnframt lægsta tilboð skal það rökstutt sérstaklega.

Í útboðsgögnum skal tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs með eins nákvæmum hætti og framast er unnt. Í forsendum má ekki vísa til annarra atriða en staðreynd verða á grundvelli gagna sem bjóðendur leggja fram eða með öðrum hlutlægum hætti. Ef meta skal tilboða á grundvelli fleiri forsendna en verðs skal tiltekið hverjar þær forsendur eru í útboði og þeim raðað eftir mikilvægi ef mögulegt er. Við mat á hagkvæmni tilboðs skal tekið tillit til öryggis, heilbrigðis, gæða- og umhverfissjónarmiða.

10. gr.
Fjárhagsstaða bjóðenda/viðsemjenda

Ef eftirfarandi atriði eiga við má ekki gera samning við bjóðanda/viðsemjanda:

- i. Sætir nauðasamningum eða er undir gjaldþrotaskiptum.
- ii. Er í vanskilum með opinber gjöld eða lögbundin iðgjöld starfsmanna.
- iii. Skortir fjárhagslega- og tæknilega getu til að framkvæma samninginn.

Sé þess krafist er tilboðsgjafa skylt að sýna fram á regluleg bankaviðskipti og/eða tryggingu vegna samningsefnda. Heimilt er að kanna fjárhagsstöðu bjóðenda á vanskilakrá.

Þegar áætluð samningsfjárhæð vegna verk- og þjónustusamninga er 10 milljónir króna eða hærri er óheimilt að gera samning við aðila ef ársreikningur sýnir neikvæða eiginfjárstöðu, enda liggi frekari skýringar ekki fyrir. Þá er heimilt að gera kröfur um jákvæða eiginfjárstöðu tilboðsgjafa í forvölum og lokuðum útboðum þótt samningsfjárhæð sé lægri en að framan greinir.

Óheimilt er að greiða viðsemjanda vegna verks eða þjónustu fyrr en fullnægjandi samningsefndatrygging liggur fyrir og samningur er frágenginn.

Sé kennitala bjóðanda yngri en 5 ára skal kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldþrot (gjaldþrot, nauðasamninga, greiðslustöðvun o.fl.) ber að vísa bjóðanda frá, enda eigi í hlut öldungis sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur, í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

11. gr.

Trúnaðarskylda

Allir starfsmenn og fulltrúar sveitarfélagsins er koma að innkaupum og innkaupamálum skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara.

12. gr.

Gildistaka

Innkaupareglur þessar taka gildi við samþykki sveitarstjórnar. Jafnframt falla eldri innkaupareglur úr gildi.

Samþykkt af sveitarstjórn Skaftárhrepps, 29. mars 2023